

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvið@althingi.is

Akureyri, 28. apríl 2006

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.

Vísað er í bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 19. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Háskólans á Akureyri um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð, 744. mál. Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á frumvarpinu og er umsögn háskólans eftirfarandi:


Með lögum nr. 2/2003 um Vísinda- og tækniráð var stigið mikilvægt skref þegar komið var á fót stefnumótandi ráði um vísindi, tækni og nýsköpun undir stjórn forsætisráðherra og með þátttöku fleiri ráðherra svo og með fulltrúum vísinda- og tæknisamfélagsins ásamt fulltrúum atvinnulífs og vinnumarkaðar. Með fyrirhugaðri lagabreytingu er stefnt að því að útvíkka hlutverk ráðsins þannig að það nái einnig til atvinnuþróunar og nýsköpunar sem heyrir undir fleiri ráðuneyti en iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Segja má að þessi breyting sé liður í eflingu vísinda- og þróunarstarfs í landinu sem hófst með stofnun Vísindaráðs, síðar sameiningu Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins í eitt Rannsóknarráð og síðast stofnun Vísinda- og tækniráðs.

Helstu efnislegu breytingar sem verða með samþykkt þessa frumvarps eru í fyrsta lagi sú að fjölgað verður um tvo í ráðinu sem forsætisráðherra skipar án tilnefningar og hann fær heimild til að kveðja til allt að fjóra ráðherra í stað tveggja nú. Í öðru lagi verður nafni ráðsins breytt í Vísinda- og nýsköpunarráð í samræmi við útvíkkað hlutverk. Áfram starfa tvær nefndir á vegum ráðsins, þ.e. vísindanefnd og nýsköpunarnefnd hvor á sínu sviði.

Háskólinn á Akureyri mælir með því að umrædd breyting verði gerð á lögum nr. 2/2003. Breytingin mun styrkja og efla mörkun vísinda- og nýsköpunarstefnu og auðvelda samhæfingu á milli einstakra ráðuneyta í mikilvægum málaflokki.

Háskólinn á Akureyri tekur ekki á þessu stigi afstöðu til stofnunar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem nefnd er í athugasemdum með frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor